

Samkeppnisstofnun
Föstudagurinn 9. júlí 2004

Ákvörðun til bráðabirgða nr. 2/2004

**Krafa Og fjarskipta hf. um að beitt verði íhlutun gagnvart
Landssíma Íslands hf. vegna tilboðs fyrirtækisins sem gengur undir nafninu
„Allt saman hjá Símanum“**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi frá Og fjarskiptum hf. (hér eftir Vodafone) með bréfi, dags. 4. júní 2004. Í bréfi Vodafone er þess farið á leit við Samkeppnisstofnun að hún taki bráðabirgðaákvörðun vegna misnotkunar Landssíma Íslands hf. (hér eftir Landssíminn) á markaðsráðandi stöðu á fjarskiptamarkaði. Í bréfinu er því lýst að Landssíminn hafi þann 2. júní 2004 hafið að auglýsa ýmsa afslætti og sértíloboð sem viðskiptamenn fyrirtækisins geti nýtt sér ef þeir kjósa að kaupa talsímaþjónustu, farsímaþjónustu og Internetþjónustu af Landssímanum. Tilboðið gangi undir heitinu „Allt saman hjá Símanum“. Telur Vodafone að í framangreindu tilboði felist misnotkun á markaðsráðandi stöðu Landssímans í skilningi 11. gr. samkeppnislaga. Feli tilboðið í sér skaðlega undirverðlagningu með því að veita tryggðarafslætti og tvíanna saman ólíka þjónustu í því skyni að hamla samkeppni. Telur Vodafone að þessi markaðshegðun raski samkeppni á fjarskiptamarkaðnum þar sem hún sé til þess fallin að útiloka keppinauta á markaði.

Með bréfi Vodafone fylgdu afrit af auglýsingum vegna tilboðs Landssímans „Allt saman hjá Símanum“.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Vodafone var sent Landssímanum og óskað umsagnar með bréfi, dags. 7. júní 2004, og var frestur veittur til 15. júní. Með bréfi, dags. 9. júní, barst Samkeppnisstofnun hins vegar annað bréf frá Vodafone þar sem upphaflegt erindi var áréttað. Í bréfinu voru dómur EB dómstólsins í nokkrum samkeppnismálum reifaðir en því fylgdu einnig útreikningar Vodafone á verðmæti tilboðs Landssímans „Allt saman hjá Símanum“. Í bréfinu segir svo:

„Tilboðið nær til þriggja aðgreindra þjónustumarkaða, þ.e. markaðs fyrir farsímaþjónustu, markaðs fyrir talsímaþjónustu og markaðs fyrir Internetþjónustu. Afsláttur hvernar þjónustu um sig er hins vegar skilyrtur við það að viðskiptavinurinn kaupi hinar þjónusturnar einnig af Landssímanum. Umræddir afslættir eru augljóslega tryggðarafslættir og ekki verður séð að hlutlæg kostnaðarrök búi þar að baki. Því má ljóst vera að tilgangur tilboðsins er að binda viðskiptavini við Landssímamann og útiloka þannig keppinauta Landssímans.“

Síðara bréf Vodafone var sent Landssímanum með bréfi, dags. 14. júní 2004, og var fyrirtækinu gefinn nýr frestur til 21. júní til þess að skila athugasemdum við málið í heild sinni.

2.

Umsögn Landssímans barst með bréfi, dags. 15. júní 2004. Í bréfi Landssímans er þess krafist að kröfu Vodafone um bráðabirgðaákvörðun verði hafnað og að fyrirtækinu verði gert að færa efnisleg rök fyrir kvörtun sinni. Telur Landssíminn því næst að erindi Vodafone sé á nokkrum misskilningi byggt. Fullyrt sé að viðskiptavinir Landssímans þurfi að kaupa talsímaþjónustu, farsímaþjónustu og Internetþjónustu til að vera með „Allt saman hjá Símanum“. Hið rétta sé hins vegar að eina samvinnunin sem eigi sér stað sé sú að til þess að fá sérkjör í farsíma- og ADSL þjónustu þurfi að vera með farsímamann í áskrift hjá Landssímanum jafnframt því að vera ADSL viðskiptavinur fyrirtækisins. Því sé það ekki gert að skilyrði að viðskiptavinurinn sé með talsímaþjónustu. Það sé heldur ekki gert að skilyrði að viðskiptavinurinn sé með Internetþjónustu hjá Landssímanum, en fyrirtækið hafi tilkynnt Internetþjónustuveitum um tilboðið með nokkrum fyrirvara. Varðandi sérkjör vegna talsímaþjónustu þá bjóðist öllum viðskiptavinum Landssímans að njóta þeirra sérkjara, skrái þeir sig sérstaklega. Viðskiptavinir Landssímans í talsímaþjónustu þurfa því ekki að vera í öðrum viðskiptum við fyrirtækið til þess að njóta sérkjaranna.

Landssíminn telur skorta mjög á rökstuðning Vodafone fyrir því að skilyrði til töku bráðabirgðaákvörðunar séu uppfyllt, þ.e. að sennilegt sé að um brot á samkeppnislögum sé að ræða og að bið eftir niðurstöðu samkeppnisráðs leiði til röskunar á samkeppni sem ekki verði afstýrt með endanlegri niðurstöðu ráðsins. Að mati Landssímans eru hvorug skilyrði uppfyllt enda hafi verið kappkostað að tilboðið stæðist samkeppnislög. Landssíminn telur enn fremur að það eitt að mæta tilboðum keppinautar geti aldrei talist sjálfkrafa brot á samkeppnislögum. Vodafone hafi nú um nokkurt skeið tvinnað saman ADSL, Internetþjónustu og farsímaþjónustu og sé Landssíminn einungis að mæta því tilboði á hóflegan hátt. Staðhæfingu Vodafone um skaðlega undirverðlagningu er mótmælt sem rangri enda sé hún ekki rökstudd. Að mati Landssímans er það skilyrði fyrir töku bráðabirgðaákvörðunar, sem lýtur að því að mál þoli ekki bið, heldur ekki uppfyllt. Vodafone hafi ekki skýrt hvaða brýn hætta steðji að vegna tilboðsins.

Umsögn Landssímans var send Vodafone með bréfi, dags. 24. júní 2004. Þar sem umsögn Landssímans benti til þess að tilboð fyrirtækisins um „Allt saman hjá Símanum“ væri annars eðlis en fram hafði komið í erindi Vodafone taldi stofnunin nauðsynlegt að leita frekari athugasemdir frá kvartanda.

3.

Athugasemdir Vodafone bárust með bréfi, dags. 1. júlí 2004. Í bréfi Vodafone er því lýst að hvergi komi fram í auglýsingum Landssímans að viðskiptavinir þyrftu ekki að nýta sér alla þá þjónustuliði, sem nefndir eru, til þess að geta verið með „Allt saman hjá Símanum“. Þvert á móti sé ítrekað vísað til þess að sérkjörin bjóðist þeim sem kjósi að vera með „allt saman“ hjá Landssímanum.

Að mati Vodafone varðar mál þetta þrjá undirmarkaði fjarskiptamarkaðar: markaði fyrir heimasíma, farsíma og Internetþjónustu. Telur Vodafone, af samanburði ársreikninga Landssímans og Vodafone, að markaðshlutdeild Landssímans sé 80% á markaði fyrir heimasíma, 65% á markaði fyrir farsíma og 69% á Internetþjónustumarkaði. Af þessu sé ljóst að Landssíminn sé markaðsráðandi á öllum þeim mörkuðum sem máli skipti í þessu tilviki. Vodafone bendir á að tilboð Landssímans „Allt saman hjá Símanum“ feli í sér 50% afslátt í þrjá síma hjá fyrirtækinu og að ekkert þak sé á þessum afslætti. Ekki verði því séð að afslátturinn geti verið byggður á kostnaðarlegum forsendum. Þessi afsláttur standi einungis þeim viðskiptavinum Landssímans til boða sem eru bæði í viðskiptum varðandi GSM- og Internetþjónustu.

Vodafone lítur svo á að í umsögn Landssímans felist staðfesting á því að „Allt saman hjá Símanum“ tilboðið feli í sér samtvinnun farsíma- og Internetþjónustu fyrirtækisins. Slík samtvinnun aðgreindrar þjónustu á vegum markaðsráðandi fyrirtækis sé óheimil ef hún er líkleg til þess að vera skaðleg samkeppni. Þessu til stuðnings vísar Vodafone til nýlegra fordæma. Að lokum áréttar fyrirtækið nauðsyn bráðabirgðaákvörðunar þar sem um umfangsmikla markaðsherferð sé að ræða sem líklegt sé að feli í sér brot gegn samkeppnislögum.

4.

Athugasemdir Landssímans bárust með bréfi, dags. 6. júlí 2004. Í bréfi Landssímans er þess krafist að kröfu Vodafone um bráðabirgðaákvörðun verði vísað frá eða hafnað. Kröfum sínum til stuðnings vísar Landssíminn til þess að markaðsherferðinni fyrir „Allt saman hjá Símanum“ í prentmiðlum, sjónvarpi og útvarpi hafi lokið að mestu þann 23. júní 2004.¹ Birting nýrra auglýsinga í þeim miðlum sé ekki ráðgerð fyrr en í fyrsta lagi á haustmánuðum. Telur Landssíminn að af þessum sökum sé ófrávíkjanlegt

¹ Landssíminn hefur upplýst að nokkrar birtingar í prentmiðlum og sjónvarpi hafi þó átt sér stað eftir þessa dagsetningu.

skilyrði fyrir töku bráðabirgðaákvörðunar ekki uppfyllt, þ.e. að líklegt sé að bið eftir niðurstöðu samkeppnisráðs leiði til röskunar á samkeppni sem ekki verið afstýrt með endanlegri niðurstöðu ráðsins. Þessu til stuðnings vísar Landssíminn einnig til málmeðferðar Samkeppnisstofnunar í s.k. Hópáskriftarmáli, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 40/2003 *Kvörtun Og fjarskipta hf. vegna Hópáskriftar Landssíma Íslands hf.* Í því máli taldi Samkeppnisstofnun ekki þörf á að taka til athugunar hvort skilyrði bráðabirgðaákvörðunar væru uppfyllt þar sem Landssíminn hefði hætt markaðssetningu hópáskriftar.

Í athugasemdum Landssímans er þeirri mynd sem Vodafone dregur upp af fjarskiptamarkaði hér á landi mótmælt. Telur fyrirtækið að varðandi skilgreiningu á landfræðilegum markaði verði að líta til þess hvar Vodafone og Landssíminn markaðsfæra og bjóða þá þjónustu sem máli skipti, þ.e. ADSL tengingar og GSM þjónustu. Það sé einkum á Suðvesturlandi og á Eyjafjarðarsvæðinu, en á þeim svæðum hafi Vodafone komið fyrir ADSL búnaði í sírstöðvum. Telur Landssíminn að sé þessari landfræðilegu skilgreiningu beitt sé hlutdeild Vodafone fast að 50% á farsímamarkaði og að staða fyrirtækisins á markaði fyrir ADSL- og Internetþjónustu sé sömuleiðis sterk. Jafnvel þótt miðað sé við landið allt sé Vodafone með t.d. um 40%² hlutdeild á farsímamarkaði. Einnig gagnrýnir Landssíminn að Vodafone aðskilji í erindi sínu ekki markaði fyrir ADSL tengingar og Internetþjónustu. Þetta skipti einnig máli vegna umfjöllunar um samtvinnun. Þannig nái samtvinnun Landssímans eingöngu til GSM þjónustu og ADSL tenginga. Internetþjónustan sé undanskilin enda geti viðskiptavinir annarra Internetveitna einnig nýtt sér tilboðið. Telur Landssíminn þessa samtvinnun ekki skaðlega. Í fyrsta lagi sé unnt að kaupa hvora þjónustu fyrir sig án þess að hin þurfi að fylgja. Í öðru lagi séu afslættir þeir sem fylgi þegar báðar þjónustur eru keyptar hóflegir. Í þriðja lagi hafi keppinautur Landssímans fulla tæknilega og fjárhagslega burði til þess að bjóða hliðstæð tilboð. Þessu til stuðnings vísar Landssíminn til rökstuðnings samkeppnisráðs í ákvörðun nr. 2/2000 *Erindi Snerpu ehf. um ISDN-tilboð Landssíma Íslands hf.*

Landssíminn mótmælir því einnig að fyrirtækið stundi skaðlega undirverðlagningu. Með tilboðinu sé fyrirtækið eingöngu að mæta samkeppni með hóflegum hætti.

² Landssíminn virðist í þessu tilviki miða við ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar frá 16. júní 2003 *Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar vegna erindis Landssíma Íslands hf. um markaðshlutdeild Og fjarskipta hf.*

III. Niðurstaða

1.

Í máli þessu er því haldið fram að Landssíminn hafi brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 með því að bjóða s.k. „Allt saman hjá Símanum“ tilboð. Er þess krafist að Samkeppnisstofnun taki ákvörðun til bráðabirgða í málinu. Af hálfu Landssímans er kröfum og málsástæðum Vodafone mótmælt.

Í 2. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að Samkeppnisstofnun sé heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál. Í 4. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda, nr. 922/2001, kemur m.a. fram að Samkeppnisstofnun er „...heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál þegar sennilegt þykir að sú háttsemi eða aðstæður til athugunar fari gegn ákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum á grundvelli þeirra eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Jafnframt er það skilyrði fyrir bráðabirgðaákvörðun að líklegt sé að bið eftir niðurstöðu samkeppnisráðs leiði til röskunar á samkeppni sem ekki verði afstýrt með endanlegri niðurstöðu ráðsins eða málið að öðru leyti þolir ekki bið“.

Þar sem um er að ræða bráðabirgðaráðstöfun þarf eðli málsins samkvæmt ekki að skera endanlega úr því í máli þessu hvort sú háttsemi sem kvartað er yfir telst vera andstæð samkeppnisreglum. Ákvörðun um það biður endanlegrar afgreiðslu samkeppnisráðs og í þeim tilvikum sem Samkeppnisstofnun grípur til bráðabirgðaráðstafana er mat stofnunarinnar á atvikum máls ekki bindandi fyrir ráðið. Engu að síður verður Samkeppnisstofnun eins og áður sagði að leggja mat á það hvort sennilegt sé á þessu frumstigi málsins að sú háttsemi sem kvartað er yfir feli í sér brot á samkeppnisreglum eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Þetta skilyrði getur verið uppfyllt ef kvartandi sýnir fram á það með nægum rökum eða leiðir að því nægum líkum að tiltekin háttsemi geti haft skaðleg áhrif á samkeppni og skýringar og athugasemdir þess sem kvartað er yfir þykja ekki á því stigi duga til að hnekkja þeim rökum eða líkum.

Taka verður til athugunar hvort krafa Vodafone um bráðabirgðaráðstafanir uppfylli framangreind skilyrði.

2.

Við mat á því hvort sennilegt sé að sú háttsemi Landssímans að bjóða s.k. „Allt saman hjá Símanum“ áskriftartilboð fari gegn 11. gr. samkeppnislaga verður í fyrsta lagi að hafa hliðsjón af stöðu Landssímans á umræddum markaði. Ljóst er að einungis Landssíminn og Vodafone veita þjónustu á nær öllum undirmörkuðum fjarskiptamarkaðarins, þ.m.t. á þeim mörkuðum sem um ræðir í máli þessu. Heildar

rekstrartekjur Vodafone og Landssímans fyrir árið 2003 skv. ársreikningi eru eftirfarandi:

	Landssími Íslands hf.	Og fjarskipti hf.
Rekstrartekjur kr:	18.761.585.000	6.218.234.000

Af þessum tölum má ljóst vera að hlutdeild Landssímans er um 75% og Vodafone um 25% á markaði fyrir fjarskiptaþjónustu hér á landi, ef tekið er tillit til allra tekna beggja fyrirtækja. Athuga verður að nokkur hluti tekna Landssímans koma vegna eignar fyrirtækisins á grunnfjarskiptanetinu hér á landi, þ.e. tekjur vegna leigulína, heimtaugaleigu o.fl. Ef skoðaðar eru tekjur fyrirtækjanna á þeim mörkuðum sem til athugunar eru í máli þessu, þ.e. farsíma-, talsíma og gagnaþjónustu verður afgerandi sterk staða Landssíminn einnig ljós, þ.e. frá um 60% hlutdeild á farsímamarkaði til um 80% hlutdeildar á talsímamarkaði. Þessu til stuðnings er einnig unnt að vísa til þess að Landssíminn hefur í nýlegum málum verið skilgreindur með ráðandi og/eða í yfirburðastöðu á hinum ýmsu undirmörkuðum fjarskiptamarkaðarins.³ Með vísan til þessa telur Samkeppnisstofnun að Landssíminn sé a.m.k. ráðandi á þeim mörkuðum sem mál þetta varðar.

3.

Samkeppnisstofnun telur í öðru lagi nauðsynlegt að taka til skoðunar kynningu Landssímans á framangreindu tilboði. Það skal athugast að eftirfarandi umfjöllun varðar ekki sjálfstæða rannsókn Samkeppnisstofnunar á því hvort notkun Landssímans á orðunum „frítt“, „ókeypis“ og „gjaldfrítt“ í auglýsingum fyrir „Allt saman hjá Símanum“ feli í sér sjálfstætt brot gegn ákvæðum VI. kafla samkeppnislaga, sbr. bréf Samkeppnisstofnunar til Landssímans, dags. 8. júní 2004. Mun þeirri rannsókn ljúka með sjálfstæðri ákvörðun.

Landssíminn hefur birt auglýsingar á tilboði sínu a.m.k. í sjónvarpi, útvarpi, prentmiðlum, í kvikmyndahúsum og á Internetinu. Allt kynningarefni hefur yfirskriftina „Allt saman hjá Símanum“ og eru eftirfarandi liðir taldir fram í flestum tilvikum:

- Heimasíminn: 60 fríar mínútur á mánuði á milli heimasíma hjá Símanum. Frítt talhólf.
- GSM: 50% afsláttur að hringja og senda SMS í þrjú önnur númer hjá Símanum.

³ Sbr. t.d. ákvörðun nr. 13/2004 *Erindi eMax ehf. vegna ADSL-tilboða Og Fjarskipta hf. og Landssíma Íslands hf* (markaður fyrir bandbreiðar Internettengingar), nr. 40/2003 *Kvörtun Og fjarskipta hf. vegna Hópáskriftar Landssíma Íslands hf* (markaður fyrir GSM-þjónustu til fyrirtækja) og nr. 23/2002 *Kvörtun Halló! - Frjálstra fjarskipta ehf. vegna misnotkunar Landssíma Íslands hf. á markaðsráðandi stöðu* (talsímamarkaður).

- Internet: 100 MB frítt gagnamagn frá útlöndum eða ADSL 2000 á verði ADSL 1500.⁴
- Regluleg sértíloboð á búnaði og þjónustu hjá Símanum ásamt tíloboðum í bíó, tónleika, veitingahús, leikhús og fleira.

Í flestum auglýsinganna birtist einnig eftirfarandi texti:

„Vertu í góðu sambandi við þitt fólk og njóttu betri kjara og sértíloboða. Heimasími, GSM og Internet – allt saman hjá Símanum.“

Frekari upplýsingar um tíloboðið eru ekki gefnar en neytendur eru hvattir til þess að skrá sig í „Allt saman hjá Símanum“ á heimasíðu Landssímans eða með því að hringja í þjónustuver fyrirtækisins. Samkeppnisstofnun telur þessa framsetningu mjög villandi og líklega til þess að skapa alvarlegan misskilning á eðli áskriftartíloboðsins. Í kynningarefni Landssímans kemur þannig hvorki fram að viðskiptavinir þurfi eingöngu að kaupa GSM og ADSL tengingu⁵ hjá Landssímanum né að neytendur sem eingöngu kaupa talsímaþjónustu af Landssímanum geta einnig skráð sig í „Allt saman hjá Símanum“ og notið þannig þeirra kjara sem upp eru talin hér að ofan, sbr. bréf Landssímans, dags. 15. júní 2004. Samkeppnisstofnun telur ekki unnt að túlka framangreinda kynningu á annan hátt en þann að neytendur séu hvattir til þess að kaupa talsíma-, GSM- og Internetþjónustu ásamt ADSL tengingu, þ.e. alla þá fjarskiptaþjónustu sem algengast er að einstaklingar eða fjölskyldur kaupi, hjá Landssímanum til þess að njóta framangreindra kjara. Heitið á áskriftartíloboðinu, „Allt saman hjá Símanum“, ásamt þeim texta sem fylgir auglýsingunum gefur ekkert annað til kynna.

Landssíminn hefur bent á að nánari upplýsingar um skilyrðin fyrir því að skrá sig í „Allt saman hjá Símanum“ fái viðskiptavinir þegar þeir skrá sig á heimasíðu fyrirtækisins. Þegar skráningarferlið er byrjað á heimasíðu fyrirtækisins birtast birtist eftirfarandi texti efst á síðunni:

„Til að geta skráð þig í Allt saman hjá Símanum þá þarftu að vera skráður sem greiðandi að bæði:

- *Internetáskrift hjá Símanum og/eða ADSL áskrift hjá Símanum*
- *GSM áskrift hjá Símanum (frelsi undanskilið)“*

Það er því fyrst á þessu stigi sem viðskiptavinir Landssímans fá þær upplýsingar að eingöngu sé nauðsynlegt að vera með ADSL tengingu og GSM þjónustu til þess að

⁴ Talan á eftir ADSL, þ.e. 1500 og 2000, vísar til þess gagnahraða sem tengingin veitir.

⁵ Hér er eingöngu átt við ADSL tenginguna sjálfa, en ekki Internetaðganginn sem slíkan en hann er keyptur sérstaklega.

njóta framangreindra kjara. Eftirfarandi birtist í fréttatilkynningu á heimasíðu Landssímans þann 4. júní 2004:

*„Frá og með 3. júní býður Síminn viðskiptavinum sínum nýjung sem nefnist **Allt saman hjá Símanum**. Í henni felast hagstæðari kjör og fjölbreytt sértíloboð til þeirra viðskiptavina sem eru áskrifendur að tveimur eða fleiri þjónustuleiðum Símans. Einu grunnskilyrðin eru þau að sami greiðandi sé bæði að GSM og Internet- og/eða ADSL áskrift hjá Símanum. Með þessu vill Síminn treysta sambandið við viðskiptavini og láta þá njóta tryggðar sinnar við fyrirtækið með hagstæðari kjörum en áður hafa boðist. Eftir því sem áskrift viðskiptavinar Símans er viðtækari verða kjörin betri.“*

Jafnframt eru framangreind kjör þeirra sem skrá sig í „Allt saman hjá Símanum“ tíunduð. Ljóst er því að hvorki í fréttatilkynningu Landssímans né í upphafi skráningar í „Allt saman hjá Símanum“ er viðskiptavinum bent á að ekki sé nauðsynlegt að kaupa aðra þjónustu en talsímaþjónustu til þess að geta notið þeirra sérstöku kjara sem þjónustunni eru tengd.

Samkeppnisstofnun telur ofangreinda framsetningu Landssímans til þess fallna að skapa alvarlegan misskilning hjá kaupendum fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. viðskiptavinum Vodafone. Í fyrsta lagi ber heiti áskriftartilboðsins óumdeilanlega með sér að viðskiptavinir þurfi að kaupa alla eða sem mesta fjarskiptaþjónustu hjá Landssímanum til þess að njóta þeirra kjara sem tíunduð eru í auglýsingum fyrirtækisins. Í öðru lagi bendir allur texti og framsetning í auglýsingunum til þess sama, sbr. t.d. áður nefndann texta:

„Vertu í góðu sambandi við þitt fólk og njóttu betri kjara og sértíloboða. Heimasími, GSM og Internet – allt saman hjá Símanum“

Einnig er unnt að benda á eftirfarandi texta úr sömu auglýsingum:

„Þetta færðu aukalega fyrir að vera með allt saman hjá Símanum.“

Í þriðja lagi er ljóst að það er yfirlýstur tilgangur Landssímans með áskriftartilboðinu að verðlauna sérstaklega þá viðskiptavini sem kaupa alla eða sem mesta fjarskiptaþjónustu hjá fyrirtækinu með sérstökum tryggðarafsláttum, sbr. síðustu tvær setningarnar í framangreindri fréttatilkynningu Landssímans, dags. 4. júní 2004. Samkeppnisstofnun telur að framangreind markaðsfærsla sé óhæfileg hjá fyrirtæki í þeirri stöðu sem Landssíminn er í og leiði til röskunar samkeppni á markaði fyrir fjarskiptaþjónustu þar sem einstaklingar eru hvattir til þess að kaupa alla fjarskiptaþjónustu af hinu markaðsráðandi fyrirtæki.

Að mati stofnunarinnar er einnig sérstaklega á mælisvert að upplýsingar um raunveruleg skilyrði fyrir skráningu í „Allt saman hjá Símanum“ birtist fyrst við upphafið á skráningarferlinu, þ.e. eftir að viðskiptavinir hafa tekið ákvörðun um að skrá sig í áskriftartilboðið á grundvelli villandi kynningar í auglýsingum. Með vísan til þess sem fram hefur komið hér að ofan telur Samkeppnisstofnun því að markaðsfærsla Landssímans á áskriftartilboðinu „Allt saman hjá Símanum“ feli í sér alvarlega misnotkun á markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins.

Að lokum verður að líta til þess sem raunverulega er innifalið í tilboði Landssímans. Í tilboði Landssímans felst í fyrsta lagi að þeir viðskiptavinir sem kaupa GSM áskrift og ADSL tengingu hjá fyrirtækinu geta annað hvort fengið s.k. ADSL 1500 tengingu á sama verði og ADSL 2000 tengingu eða 100 MB niðurhal frá útlöndum án þess að greiða aukalega fyrir það. Jafnframt geta þeir hringt í þrjú GSM númer á neti Landssímans með 50% afslætti. Landssíminn hefur sérstaklega tekið fram að Internetþjónusta sé ekki nauðsynlegur hluti þessa tilboðs, þ.e. að þeir sem eru með ADSL tengingu hjá Landssímanum en kaupi Internetaðgang hjá annarri Internetveitu, geti einnig notið framangreindra kjara. Í öðru lagi geti þeir sem kaupa talsímaþjónustu af Landssímanum, burtséð frá því hvort þeir kaupa aðra þjónustu einnig af sama fyrirtæki, skráð sig í „Allt saman hjá Símanum“ og átt því kost á að hringja í 60 mínútur endurgjaldslaust í önnur númer á neti Landssímans eða fengið endurgjaldslausu talhólfþjónustu. Síðara tilboðið felur í raun í sér afslátt frá gjaldskrá en með því fyrra er Landssíminn að bjóða ákveðin fríðindi eða afslátt gegn því að viðskiptavinir kaupi tvo eða fleiri þjónustuþætti hjá Landssímanum. Með þessu er fyrirtækið að tvinnna saman ólíka þjónustu.

Samtvinnun (e. *bundling* eða *tie-in*) í skilningi samkeppnisréttarins fer almennt þannig fram að tvær eða fleiri vörur eða þjónustutegundir eru seldar saman á hagstæðara verði en ef þær væru keyptar sitt í hvoru lagi. Gerður er greinarmunur á því hvort viðskiptavinir verði að kaupa báða eða alla þá liði sem tengdir eru saman, þ.e. verði að kaupa allt þótt þeir vilji einungis eitt, eða hvort viðskiptavinir geti valið um að kaupa liðina sinn í hverju lagi. Í því tilviki sem hér um ræðir á síðara afbrigðið við, þ.e. viðskiptavinir Landssímans geta valið hvort þeir kaupi báða þjónustuliðina eða einungis annan. Kaupi þeir hins vegar hvort tveggja njóta þeir sérstakra kjara, þ.e. þeir fá ADSL 2000 á sama verði og ADSL 1500 eða 100 MB af erlendu niðrhali án endurgjalds og geta hringt úr GSM númeri í þrjú númer á neti Landssímans með 50% afslætti. Með þessum hætti eru viðskiptavinir hvattir til að kaupa a.m.k. bæði GSM þjónustu og ADSL tengingu hjá Landssímanum.

Yfirlýstur tilgangur „Allt saman hjá Símanum“ áskriftartilboðs Landssímans er, sbr. fréttatilkynningu fyrirtækisins dags. 4. júní 2004, að verðlauna þá viðskiptavini fyrirtækisins sem eiga í viðskiptum við fyrirtækið hvað varðar alla eða sem mesta fjarskiptaþjónustu. Með vísan til þessa telur Samkeppnisstofnun að í áskriftartilboði

Landssímans felist einnig tryggðarafslættir. Tryggðarafslættir af hálfu markaðsráðandi fyrirtækja fela almennt í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu þar sem þeir hvetja til þess að viðskiptavinir eigi öll sín viðskipti hjá hinu markaðsráðandi fyrirtæki. Með þessu getur hið markaðsráðandi fyrirtæki þannig útilokað önnur fyrirtæki frá samkeppni og raskað stöðu markaðarins.

Samkeppnisstofnun telur verulegar líkur á því að tilboð Landssímans á „Allt saman hjá Símanum“ feli í sér misnotkun fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu og þar með brot gegn 11. gr. samkeppnislaga. Kynning áskriftartilboðsins er til þess fallin að hvetja kaupendur fjarskiptaþjónustu til þess að kaupa alla þá þjónustu af hinu markaðsráðandi fyrirtæki með því að verðlauna þá með sérstökum tryggðarafsláttum. Jafnframt er ljóst að tilboð Landssímans felur í sér samtvinnun tveggja ólíkra þjónustubátta, þar sem veittur er sérstakur afsláttur af hvorum þætti fyrir sig, séu þeir keyptir saman.

4.

Eins og áður hefur verið lýst er það annað af meginskilyrðum fyrir bráðabirgðaákvörðun að líklegt sé að bið eftir niðurstöðu samkeppnisráðs leiði til röskunar á samkeppni sem ekki verði afstýrt með endanlegri niðurstöðu ráðsins eða málið að öðru leyti þoli ekki bið. Landssíminn hefur lýst því að auglýsingaherferð vegna tilboðsins „Allt saman hjá Símanum“ hafi lokið þann 23. júní sl. í prent- og ljósvakamiðlum. Ljóst er þó að kynning á tilboðinu fer enn fram, a.m.k. á heimasíðu Landssímans, heimasíðum annarra fyrirtækja og í kvikmyndahúsum. Einnig hefur Landssíminn upplýst Samkeppnisstofnun um að einstakar birtingar hafi átt sér stað eftir 23. júní 2004 og að einhverjar séu einnig ráðgerðar á næstu dögum. Eins og fram hefur komið að ofan felur kynningin á tilboðinu „Allt saman hjá Símanum“ og það sem felst í tilboðinu að mati Samkeppnisstofnunar mjög líklega í sér brot gegn 11. gr. samkeppnislaga. Er því að mati stofnunarinnar nauðsynlegt að kynning og framboð á „Allt saman hjá Símanum“ verði stöðvað nú þegar á meðan rannsókn málsins stendur og þar til samkeppnisráð tekur endanlega afstöðu í málinu.

Í ljósi alls framangreinds og með heimild í 8. gr. samkeppnislaga tekur Samkeppnisstofnun eftirfarandi ákvörðun til bráðabirgða í máli þessu.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Með heimild í 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 tekur Samkeppnisstofnun eftirfarandi ákvörðun:

Með því að bjóða og kynna áskriftartilboðið „Allt saman hjá Símanum“ hefur Landssími Íslands hf. brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Landssíma

Íslands hf. er óheimilt kynna áskriftartilboðið „Allt saman hjá Símanum“ á nokkurn hátt frá birtingu þessarar ákvörðunar. Jafnframt er Landssíma Íslands hf. óheimilt að skrá nýja viðskiptavini samkvæmt áskriftartilboðinu „Allt saman hjá Símanum“ frá birtingu þessarar ákvörðunar.“